

Bókari/launafulltrúi



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir að ráða dugmikinn einstakling í starf bókara/launafulltrúa hjá samtökunum. Viðkomandi mun annast færslu á bókhaldi og launaútreikningum. Bókari/launafulltrúi ber ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með bókhaldi og afstemmingum
- Umsjón með launaútreikningum og greiðslu launa
- Aðstoð við gerð fjárhagsáætlana
- Almenn skrifstofuþjónusta fyrir starfsmenn SASS og samstarfsstofnanir samtakanna
- Gerð og útsending reikninga

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af færslu bókhalds og launaútreikninga
- Þekking og reynsla á DK hugbúnaði er kostur
- Þjónustulund og nákvæmni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **6. mars 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Samtökin hafa verið starfrækt frá árinu 1969. Starfssvæði samtakanna er frá sveitarfélaginu Ölfusi í vestri að sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði í austri. Öll 15 sveitarfélögin á Suðurlandi eiga aðild að SASS. Megin starfsemi SASS felst í hagsmunagæslu fyrir íbúa og sveitarfélög á Suðurlandi ásamt því að veita ráðgjöf, styrki og aðra þjónustu til handa atvinnu- og menningarlífi í landshlutanum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samtakanna www.sass.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir